

## Hjúkrunarfræðinemar í starfi á Landspítala 2015

- Deildarstjóra ber að tryggja að nemendur sem starfa undir hans stjórn hafi næga hæfni og þekkingu til að inna af hendi störf sem þeim eru falin.
- Hjúkrunarfræðinimum ber að fara eftir starfslýsingu þessari.
- Aldrei skal gengið út frá því sem vísu að hjúkrunarfræðinemar séu öruggir í framkvæmd hjúkrunar.
- Hjúkrunarfræðinemar skulu vera í virku námi eða hafa verið það síðastliðna 12 mánuði.

### **Starfslýsing 1. árs hjúkrunarfræðinema (eftir að fyrsta ári er lokið)<sup>1</sup>**

- Veita almenna umönnun sjúklinga og sinna öðrum störfum sem m.a. sjúkraliðar framkvæma.
- Taka lífsmörk og skrá þau.
- Nýta þekkingu sína til að veita sjúklingum góða aðhlyningu.

### **Starfslýsing 2. árs hjúkrunarfræðinema (eftir að öðru ári er lokið)<sup>2</sup>**

- Veita almenna umönnun sjúklinga og sinna öðrum störfum sem m.a. sjúkraliðar framkvæma.
- Skipta á sárum undir leiðsögn hjúkrunarfræðings.
- Nýta sér námstækifæri undir leiðsögn hjúkrunarfræðings, svo sem uppsetningu þvagleggs, sogun, súrefnismeðferð, meðferð drengis o.fl. þegar tími vinnst til.
- Taka sýni eftir því sem við á, s.s. stök úr sárum, þvagprufur, hægðaprufur.

➤ **Annars árs hjúkrunarfræðinemar eiga hvorki að taka til né gefa lyf.**

### **Starfslýsing 3. árs hjúkrunarfræðinema (eftir áramót á þriðja ári)<sup>3</sup>**

- **Starfa undir stjórn hjúkrunarfræðings á vakt / vaktstjóra.**
- Veita heildræna hjúkrun samkvæmt markmiðum hjúkrunar á LSH.
- Framkvæma flestar hjúkrunaraðgerðir sem við eiga hverju sinni s.s. þvagleggsuppsetningar, sáraskiptingar, sogun, súrefnismeðferð.
- Taka til og gefa lyf.
- Eftirritunarskyld lyf og lyf eins og digoxin, dopamin, heparin og önnur sambærileg lyf skulu yfirfarin af hjúkrunarfræðingi.
- Taka til og gefa næringu og vökva í æð.
- Gefa blóð undir eftirliti og leiðsögn hjúkrunarfræðings.

➤ **Þriðja árs hjúkrunarfræðinemar skulu hafa leiðbeinendur á deild sem þeir geta leitað til.**

<sup>1</sup> Þurfa að hafa lokið 52 einingum til þess að mega ráða sig sem fyrsta árs nema. Skilyrði er að nemendur hafi lokið námskeiðinu „almenn hjúkrunarfræði“ eða sambærilegu.

<sup>2</sup> Þurfa að hafa lokið 48 einingum af öðru ári til þess að mega ráða sig sem annars árs hjúkrunarfræðinema.

<sup>3</sup> Þurfa að hafa lokið öllum námskeiðum af öðru ári og 48 einingum af þriðja árs námskeiðum til þess að mega ráða sig sem þriðja árs nema. Skilyrði er að nemendur hafi lokið námskeiðinu „hjúkrun langveikra fullorðinna“ eða sambærilegu.